



Fregnir

Soroptimistasamband Íslands

48. árg. september 2022 nr. 128





HVATNING SOROPTIMISTA

Sýnum drenglyndi og verum einlæggar í vináttu.
Verum reiðubúnar til hjálpar og þjónustu.
Sýnum í verki skilning og friðarvilja.
Setjum markið hátt og vinnum störf okkar
með sæmd og ábyrgðartilfinningu.

MARKMIÐ SOROPTIMISTA

Að vinna að bættri stöðu kvenna.
Að gera háar kröfur til siðgæðis.
Að vinna að mannréttindum öllum til handa.
Að vinna að jafnrétti, framförum og friði,
með alþjóðlegri vináttu og skilningi.

SOROPTIMISTAR SKULU BEITA SÉR FYRIR:

Að veita þjónustu í heimabyggð,
heimalandi og á alþjóðavettvangi.
Að taka virkan þátt í ákvarðanatöku
hvarvetna í þjóðfélaginu.



Ritnefnd: Sigríður Inga Sigurðardóttir, Halla Björg Baldursdóttir
ritstjóri, Margrét Helgadóttir og Jóna Kristbjörnsdóttir

Fregnir er mál gagn Soroptimistasambands Íslands.

Heimasíða: www.soroptimist.is

Netfang: soroptimist@soroptimist.is

Ritnefndin óskar eftir greinum í næsta blað Fregna.

Vinsamlegast sendið efni á netfangið fregnir@soroptimist.is

Forsíðumynd: Halla Björg Baldursdóttir

Umbrot og hönnun blaðs: Gígja Ívarsdóttir - gigja@kompanhonnun.is

Kæru systur,

Haustblað Fregna er eins og haustið, litríkt og fallett. Að þessu sinni fengum við óvenjumikið af myndum með aðsendum greinum og við höfum látið blaðið njóta þess. Takk allar sem lögðu hönd á plóg.

Soroptimistaklúbbur Mosfellssveitar á 45 ára afmæli nú í september og óskar ritnefnd þeim innilega til hamingju.

Heiðmerkurlundurinn færir úr umsjón Soroptimistaklúbbs Bakka og Selja yfir til Árbæjarklúbbs. Ritnefnd þakkar Bakka- og Seljaklúbbi fyrir vel unnin störf við umsjón þessa fallega staðar sem við vonandi eigum eftir að njóta um ókomin ár.

Verkefni sem fjallað er um í blaðinu eru fjölbreytt, vinna við bæjarhátíðir og golfmót, fjáröflun vegna bekkjakaupa, aðstoð við flóttafólk frá Úkraínu og aðstoð við konur í Sierra Leone. Einnig er fjallað um fjáröflun vegna Sigurhæða og rifjaður upp sameiginlegur fundur tveggja klúbba.

Sagt er frá samnorræna verkefninu SNLA sem haldið var á Íslandi síðastliðið sumar. Námskeiðið sóttu 24 ungar konur frá öllum Norðurlöndunum og þótti það takast einstaklega vel.

Litið er um öxl og sagt frá verkefni Snæfellsnessystra sem tóku saman sögu 30 kvenna undir merkinu „Þær mörkuðu sporin“.

Útbreiðslunefnd segir frá væntanlegu kynningarefni sem er í vinnslu og mun nýtast öllum klúbbum. Einnig er í blaðinu frásögn af sendifulltrúafundi í Belgíu og námsstefnunni „Growth Academy“ sem haldin var í tengslum við sendifulltrúafundinn.

Landssambandsfundur var haldinn í apríl síðastliðnum og gátu Soroptimistasystur nú loksins komið saman eftir tveggja ára hlé vegna heimsfaraldursins. Fjallað er um fundinn í máli og myndum í blaðinu.

Að lokum minnum við á Alþjóðþing Soroptimista sem haldið verður í Dublin í júlí á næsta ári. Nánari upplýsingar um þingið er að finna í blaðinu og ritnefnd hvetur systur til að mæta.

Samkvæmt venju hefði þetta blað átt að vera síðasta blað núverandi ritnefndar en vegna breyttra reglna um starfsár og embættisskipti munum við gefa út eitt blað enn, jólablaðið 2022. Enn er ekki ljóst hver tekur við af núverandi ritnefnd og hvetjum við klúbba til að íhuga að taka að sér þetta mjög svo skemmtilega og gjöfulega verkefni.

Kæru systur, við vonum að veturinn verði ykkur ánægjulegur og að störf Soroptimista blómstri sem aldrei fyrr.

Ritnefnd



Kæru systur,

Haustið er fallegur árstími og haustannir hjá okkur öllum eru margvíslegar og misjafnar eins og gengur og gerist. Ég er þakklát fyrir bjartar sumarnætur, þær eru mitt sumar óháð því hvernig veðrið er. Ég sæki kraft í birtu sumarsins. Nýtt upphaf er að hausti og ég kem endurnærð inn eftir gjöfult sumar.

Stjórnir klúbba eru væntanlegar búnar að setja niður spennandi dagskrá vetrarins og ekkert því til fyrirstöðu að hefjast handa við verkefnin, og ekki síst, njóta samfélags hver við aðra. Gefandi og góður tími er örugglega framundan. Hvatning til ykkar í forsetatíð minni hefur verið að „Velja að vaxa,“ og hvet ég ykkur til að nýta klúbbfundi til að ná því markmiði með einum eða öðrum hætti.

Norrænir vinadagar eru framundan í Kalmar, Svíþjóð, þar sem systur munu fjölmenna. Haustfundur á Laugarbakka er á næsta leiti þar sem margt áhugavert verður á dagskrá. Svo rennum við inn í 16 daga átakið þar sem áherslan er á forvarnir og að þekkja „Rauðu ljósin“. Einnig verður lögð áhersla á að vekja athygli á því hvert hægt er að leita í neyð eftir viðeigandi hjálpi. Þegar líður að lokum átaksins eða þann 10. desember á degi Soroptimista mun ég hvetja klúbba til að sameinast með stjórn Landssambandsins um að veita sameiginlegan styrk til verkefnis sem hefur markmið átaksins að leiðarljósi. Nánar verður upplýst um verkefnið í forsetabréfi.

Enn og aftur skal það tekið fram að starfsárið okkar er til 31. desember 2022. Ég hef þá setið sem forseti í tvö ár og verða því forsetaskipti frá 1. janúar 2023. Sigrún Þorgeirsdóttir í Reykjavíkurlúbbi er verðandi forseti og mun taka við embættinu frá þeim tíma, en ég mun þó sitja stjórnarfundum næsta starfsár 2023 með nýjum forseta. Starfsárin í stjórn hafa verið skemmtileg, krefjandi, en fyrst og fremst ánægjuleg. Þau hafa verið óvenjuleg sökum þess að samkomutakmarkanir hafa verið miklar á þessum tíma og því hafa markmið eins og að koma á klúbbfundi ykkar ekki náðst eins og til stóð, en í einhverjum mæli þó.

Sameinumst um að ganga til vetrarstarfsins með markmið Soroptimista að leiðarljósi, hrósa hver annarri, eiga góða samveru, endurnæra hverja aðra, hvetja systur til þátttöku á klúbbfundi, eiga samtal í aðdraganda funda og bjóða systur far á fund. Setjum kraft í að bjóða nýjar systur velkomnar í samtök Soroptimista - þannig breiðum við út boðskapinn.

Kærleikskveðja,

Guðrún Lára Magnúsdóttir
Forseti SÍ 2020-2022



Þær mörkuðu sporin

Þegar 100 ár voru liðin (árið 2015) frá því að íslenskar konur fengu kosningarétt var ákveðið hér vestur á Snæfellsnesi að líta um öxl og segja sögur nokkurra vel valinna snæfellskra kvenna. Um leið og sagt er frá lífshlaupi þessara kvenna er líka varpað ljósi á sögu mannlífs á Snæfellsnesi.

Soroptimistasystur skipulögðu verkefnið vel, skipuðu sér í hópa og kynntu þær konur sem valdar voru á félagsfundum. Frásögn um eina konu birtist í hverjum mánuði í héraðsfréttablaðinu Jökli.

Sýning um konurnar var sett upp í Áttthagastofu Snæfellsbæjar sumarið 2015 og útbúinn var bæklingur sem hægt er að skoða á <https://www.systur.is/snaefellsnes/index.php/projects/30-soegur-af-konum-a-snaefellsnesi>

Við birtum hér fyrstu greinina í bæklingnum sem er um Jóhönnu Vigfúsdóttur.

*F.h. Snæfellsnessystra,
Ragnheiður Víglundsdóttir*

Jóhanna Vigfúsdóttir frá Hellissandi

(1911-1994)

Jóhanna Vigfúsdóttir fæddist á Bjölluhóli á Hellissandi 11. júní 1911. Jóhanna lést 29. apríl 1994. Foreldrar hennar voru Kristín Jensdóttir frá Rifi og Vigfús Jónsson frá Elliða í Staðarsveit. Jóhanna var elst 13 systkina og ólst upp á Gimli á Hellissandi.

Veturinn 1927-28 fór Jóhanna suður til Reykjavíkur að læra söng og orgelleik hjá Sigfúsi Einarssyni tónskáldi. Þann 25. febrúar 1928 tók svo Jóhanna, þá 16 ára, að sér að vera organisti og kórstjóri í Ingjaldshólskirkju. Það hlýtur að hafa verið mikið starf fyrir unga stúlku að taka að sér svona ábyrgðarfullt starf en Jóhanna gerði það með miklum ágætum og var í því starfi í 52 ár. Hún stjórnaði einnig sunnudagaskóla samhliða í tæp 40 ár og eiga margir Sandarar, Rifsarar og Gufsarar góðar minningar frá sunnudagsmorgnum með Jóhönnu. Starfið í Ingjaldshólskirkju var Jóhönnu mjög dýrmætt því það fjallaði um lífshugsjón hennar sem í raun líf hennar snerist um, trúna á Jesú Krist.

17. maí 1930 giftist Jóhanna Hirti Jónssyni hreppstjóra frá Munaðarhóli og eignuðust þau átta börn. Heimili þeirra Jóhönnu og Hjartar var mikið myndarþú, gestkvæmt og oft margt í heimili.

Jóhanna var félagslynd og tók þátt í flestu sem fram fór í heimabyggðinni. Hún var t.d. í safnaðarnefnd Ingjaldshólskirkju, var formaður Kvenfélags Hellissands í 25 ár og stóð fyrir kristilegu starfi með konum á Hellissandi, kynnti störf kristniboðsins, átti sæti á kirkjuþingum og gegndi auk þess ótal trúnaðarstörfum fyrir heimabyggð sína og hérað. Kvenfélag Hellissands stóð fyrir mörgum framfaraverkum undir stjórn Jóhönnu, má þar nefna sjúkrahjálp og þjónustu við héraðslækni, forystu við leikvallargerð, stuðning við læknamóttöku, skrudgarðsrækt, jólatrésskemmtanir o.fl. Jóhanna var margheiðruð fyrir félagsstörf sín.

Þegar Hjörtur, eiginmaður Jóhönnu, féll frá fyrir aldur fram árið 1963 hefðu margir haldið að hún myndi flytja suður þar sem flest börn hennar bjuggu, en svo fór ekki. Jóhanna hafði ung valið sér starfsvettvang í heimabyggðinni Hellissandi með Snæfellsjökul gnæfandi yfir, þar vildi hún vera og starfa. Jóhanna réðst í að byggja sér nýtt íbúðarhús á Munaðarhólsjörðinni, skammt frá gamla húsinu.



Hún nefndi það hús Hjartarlund. Hún hafði mikinn áhuga á garðrækt og var blómagarðurinn hennar hvers manns augnayndi auk þess sem hún hafði mikinn hug á að snyrta og fegra sína heimabyggð.

Jóhanna sá í mörg ár um afgreiðslu á lyfjum frá apótekinu á heimili sínu. Áttu margir leið þangað og alltaf tók Jóhanna á móti fólki með sömu ljúfmennskunni. Jóhanna kenndi ungu fólki á orgel heima hjá sér í mörg ár og kirkjukórinn æfði lengi í stofunni hjá henni. Jóhönnu, og fleirum, var mikið metnaðarmál að fá byggða læknamóttöku á Hellissandi. Læknamóttakan reis og Jóhanna varð starfsmaður þar við móttöku í mörg ár.

Eftir langa starfsævi, árið 1990, flutti Jóhanna til Reykjavíkur þar sem hún gat dvalið nær börnum sínum. Hugurinn var þó gjarnan fyrir vestan. Kvenfélag Hellissands hélt henni kveðjusamsæti þann 10. apríl 1990 í félagsheimilinu Röst á Hellissandi þar sem fjöldi fólks á öllum aldri kom saman til að kveðja hana. Í því kveðjusamsæti var Jóhanna gerð að fyrsta heiðursborgara Neshrepps utan Ennis. Jóhanna var einnig sæmd Hinni íslensku fálkaorðu.

Samantekt: Drífa Skúladóttir, Júníana Björg Óttarsdóttir, Kay Wiggs



SNLA

Soroptimist Nordic Leadership Academy

Þann 27. júní til 1. júlí 2022 komu 24 stúlkur frá Íslandi, Noregi, Svíþjóð, Danmörku og Finnlandi saman á Bifröst í Borgarfirði með það að markmiði að efla leiðtogaþæfileika sína og kynnst starfsemi Soroptimista um allan heim. Þetta var í fimmta sinn sem norrænir Soroptimistar stóðu fyrir leiðtoganámskeiði fyrir konur á aldrinum 20-30 ára en undirbúningur þessa íslenska námskeiðs stóð sleitulaust frá september 2021. Þetta námskeið markaði tímamót, því að með þessu námskeiði var hringnum lokað, nú er búið að halda SNLA námskeið á öllum Norðurlöndunum með þátttöku 120 framtíðarleiðtoga!

Námskeiðið tókst einstaklega vel en niðurstöður úr námskeiðsmati liggja nú fyrir með 100% svarhlutfalli. Það sýndi að 95% stúlkanna töldu námskeiðið hafa verið frábært (excellent) eða mjög gott (very good) og 91% töldu að fyrirlesararnir hafi verið framúrskarandi. Öll Norðurlöndin sáu um að útvega mentora og voru myndir





og upplýsingar um 18 mentora hengdar upp á vegg og stúlkurnar gátu síðan valið sér einn mentor. Það er svo undir hverri og einni stúlkun komið hversu lengi hún óskar eftir því að hafa mentor eftir að námskeiðinu lýkur.



Að lokum viljum við þakka þeim systur sem aðstoðuðu okkur við þetta stóra verkefni, eins og að keyra og sækja stúlkurnar upp á Bifröst og bjóða þeim gistingu, innilega fyrir hjálpina, það var ómetanlegt. Einnig viljum við þakka Jónu Theódóru gjaldkera kærlega fyrir að halda um fjármálin.



Þess má svo geta að þegar er hafin vinna fyrir næsta námskeið og við viljum að sjálfsögðu senda áfram glæsilega fulltrúa frá okkur til Svíþjóðar í júní 2023. Hafið því endilega augun opin varðandi unga kvenleiðtoga í ykkar nærumhverfi.

*Eyrún Svava Ingvadóttir og Ingibjörg Jónasdóttir
verkefnisstjórar SNLA*





45 ára afmælisfundur Soroptimistaklúbbs Mosfellssveitar

Soroptimistaklúbbur Kjalarnespings, nú Mosfells-
sveitar, var stofnaður 25. september 1977 af nítján
konum og fagnar því 45 ára afmæli í ár. Í tilefni af
þessum merku tímamótum hófst vetrarstarf klúbbsins
sunnudaginn 4. september sl. með afmælisfundi og
var mökum boðið með.

Dagskráin hófst fyrir hádegi á Bessastöðum þar sem
forseti Íslands, Guðni Th. Jóhannesson, tók á móti
okkur með fallegum orðum um hreyfinguna og konur
almennt. Að íslenskum sið bauð hann upp á kaffi,
pönnukökur og fleira íslenskt bakkelsi. Við áttum
yndislega stund í fallegu veðri á Bessastöðum.

Síðan var haldið á veitingastaðinn Satt á Reykjavík
Natura hótelinu og hófst fundurinn á því að fjórar
af stofnendum klúbbsins, Salome Þorkeldsdóttir,
Sólrun Björnsdóttir, Hjördís Gissurardóttir og
Sigurbjörg Sigurðardóttir, kveiktu á kertum. Guðrún
Snæbjörnsdóttir, Soroptimisti til 40 ára, las markmið
og Valgerður Magnúsdóttir, Soroptimisti til 30 ára,
las hvatningu Soroptimista.

Eftir að við höfðum snætt dýrindis dögurð á
veitingastaðnum var komið að því að heiðra systur. Af
þeim nítján konum sem stofnuðu klúbbinn eru fjórar
enn virkar. Árið 2013 var Salome Þorkeldsdóttir gerð að
heiðursfélaga klúbbsins og það var mér mikill heiður
að fá að heiðra Sólrunu Björnsdóttur, Sigurbjörgu
Sigurðardóttur og Hjördísi Gissurardóttur.

Á fundinum tókum við þrjár nýjar systur inn í
klúbbinn, Bertu Þórhallsdóttur einkapjálfa, Hafdís
Gunnarsdóttur hjúkrunarfræðing og Maríu Petu
Hagalín Hlöðversdóttur naglafræðing.





Skemmtinefndin stóð fyrir happdrætti og dró öðru hvoru út fjölda vinninga. Fundinum lauk svo á ljúfu nótunum er nokkrar konur í kvennakórnum „Stöllunum“ mættu til okkar. Kórinntók þátt í sýningunni „Ó María“ hjá Leikfélagi Mosfellbæjar sl. vor sem sett var upp til heiðurs Maríu Guðmundsdóttur sem lést 14. desember sl. María var ein af stofnfélögum klúbbsins.

Þegar varaformaður, Guðfinna Sif Sveinbjörnsdóttir, var búin að afhenda öllum klúbbsysturum afmælisgjöf sleit formaður fundi. Óhætt er að segja að klúbbsystur og makar hafi átt ánægjulega samverustund þennan sunnudag.

*F.h. Soroptimistaklúbbs Mosfellssveitar,
Guðlaug Ragnarsdóttir formaður*





Sierra Leone

Við systur í Árbæjarklúbbi höfum verið með fjáröflunarverkefni undanfarin ár í Sierra Leone þar sem við höfum keypt ýmis handverk s.s. skartgrip, andlitsgrímur, tösukur, bakpoka og veski af handverksfólki í höfuðborginni Freetown. Þessar vörur höfum við verið að selja undanfarin ár og hefur ágóðinn farið í áframhaldandi kaup á vörum frá þessum ungu konum.

Þið hafið sennilega flestar séð þessar skrautlegu, fallegu tösukur og skartgrip sem við höfum verið að selja á síðustu haust- og vorfundum.

Á nýliðnu starfsári fengum við beiðni um að styrkja unga stúlku, en hún hefur mikinn áhuga á ljósmyndun og á sér þann draum að gera ljósmyndun að atvinnu.

Þessi stúlka heitir Hickmatu Bitnu Leigh og er 24 ára gömul. Við systur styrktum hana um 100.000 kr. Með þessum styrk gat hún keypt sér nýja myndavél og sótt námskeið í ljósmyndun. Hún hefur nú opnað Instagram reikning undir nafninu Hickmatuleigh. Við viljum hvetja ykkur til að kíkja á þessa áhugaverðu síðu.

Við ákváðum síðan á vorönn að búa til dagatal fyrir árið 2023 með fallegum myndum af stúlkum og konum í Afríku frá þessum unga ljósmyndara. Við höfum fengið RAX ljósmyndara til að hjálpa okkur að velja myndir í dagatalið en við höfðum úr mörgum myndum að velja. RAX er jafnframt mentorinn hennar í gegnum Aurora Foundation í Sierra Leone.

Við erum á lokahnykk með hönnun og prentun á dagatalinu og verðum með það til sölu á haustfundinum á Laugarbakka í byrjun október.

Við hlökkum til að hitta ykkur á haustfundi og endilega komið við á sölubási okkar Árbæjarsystra og skoðið þessi fallegu dagatöl ásamt öðrum fallegum varningi.

Með systrakveðjum,

Guðrún Helga Bjarnadóttir og Sigrún Arnardóttir
Soroptimistaklúbbi Árbæjar





Átak í fjáröflun fyrir Sigurhæðir

Alveg frá opnun SIGURHÆÐA í mars 2021 hefur verið rífandi gangur í starfseminni. Bókanir hafa verið langt umfram væntingar og þær aukast frá mánuði til mánaðar. Nýverið var fjórða meðferðaraðilanum bætt við starfslið SIGURHÆÐA, en það er Margrét Ýrr Sigurgeirsdóttir hjúkrunarfræðingur sem er með diploma í sálsgæslu og hefur um árabil verið starfandi í áfallateymi Rauða krossins. Allt þetta gerði að verkum að fjárhagsáætlun ársins 2022 var um 50% hærri en árið 2021.

Fjármögnun hefur að mestu leyti gengið vel, en þó hafa ríkið eða ráðuneytin ekki enn komist að niðurstöðu um hvernig fjárveitingum þeirra til SIGURHÆÐA skuli háttað. Það er markmið okkar að um helmingur rekstrarfjárins komi frá ríkinu, en það hefur ekki gengið eftir. Guðmundur Ingi Guðbrandsson félagsmálaráðherra hefur þó lýst því opinberlega yfir að hann hyggist gera þjónustusamning á milli félagsmálaráðuneytisins og SIGURHÆÐA í ársbyrjun 2023. Það yrði mikill ávinningur að fá fastan samning svo snemma á starfsferli SIGURHÆÐA.

Eftir stendur þó að gat er í fjármögnun ársins 2022. Í allt sumar hefur verið handagangur í öskjunni hjá SIGURHÆÐUM við að undirbúa fjáröflunarátak núna í haust og í byrjun vetrar. Á heimasíðuna sigurhaedir.is er nú kominn inn sá valmöguleiki að gerast styrktaraðili með ýmist einskisframlagi eða mánaðarlegu framlagi og velur hver velunnari sér þá fjárhæð sem hentar. Auk þess verður kynningarefni um styrktarmöguleikana dreift á hvert heimili á Suðurlandi núna um mánaðamótin september – október og einnig verður með skipulögðum hætti leitað til stoða í sunnlensku atvinnulífi um styrki.

Við hjá SIGURHÆÐUM erum bjartsýnar á að okkur muni ekki aðeins takast að loka gatinu í fjármögnuninni á yfirstandandi ári, heldur að brátt verði fjármögnun til framtíðar tryggð eins og framast er kostur. Skjólstæðingar okkar eiga ekki annað skilið.

Með innilegu þakklæti til allra Soroptimistasystra fyrir veittan stuðning,

*Hildur Jónsdóttir verkefnisstjóri SIGURHÆÐA
Soroptimistaklúbbi Suðurlands*



Kvennagolfmót

Soroptimistaklúbbur Seltjarnarness hélt kvennagolfmót þann 18. ágúst 2022 á Nesvelli. Spilaðar voru 9 holur og voru þátttakendur 56 talsins. Fjöldmörg fyrirtæki styrktu mótið með góðum gjöfum. Allur ágóði rann til Lífs styrktarfélag. Við þökkum fyrirtækjunum og golfkonunum kærlega fyrir þátttökuna og veittan stuðning.

Ingibjörg Halldórsdóttir
Soroptimistaklúbbi Seltjarnarness





Í túninu heima

Bæjarhátíð Mosfellsbæjar „Í túninu heima“ var haldin hátíðleg helgina 26. - 28. ágúst eftir tveggja ára hlé. Við Soroptimistasystur í Mosfellssveitarklúbbsi vorum sýnilegar á hátíðinni og tókum þátt með því að setja upp sölubás í Álafosskvos á laugardegnum og selja þar ýmist heimager góðgæti eða annan söluvarning okkar klúbbs.

Í aðdraganda hátíðarinnar funduðu verkefnastjórar, fjáröflunarnefnd og stjórn og lögðu drög að söluvænu góðgæti. Ákveðið var að sulta þrjár tegundir af sultu, rabarbara- og jarðarberjasultu, chilisultu og mangósultu, sem eru hver annari ljúffengari. Auk þess voru bökuð heilhvæitbrauð og bananabrauð og steiktar kleinur. Krónan í Mosfellsbæ styrkti klúbbinn um banana fyrir brauðin. Systur söfnuðu saman krukku, sníðu til efni til að setja á lokin, útbjuggu miða með nafni og innihaldi söluvarnings og hittust til sultugerðar í heimahúsum. Við vorum svo heppnar að fá að nýta eitt af kennslueldhúsum Menntaskólans í Kópavogi og gátum því fjölmennt þangað að morgni hátíðardags, bakað brauð og steikt kleinur og gátum því boðið upp á góðgætið nýbakað.

Það var auðvitað ekki að spyrja að því, góðgætið rauk út úr sölubásnum og seldist allt upp. Eins og fyrr segir þá buðum við einnig upp á ýmsan söluvarning sem klúbburinn hefur selt til fjáröflunar undanfarin ár. Þar ber helst að nefna kerti sem steipt voru fyrir klúbbinn af Ás styrktarfélagi fyrir „Roðagyllum heiminn“ verkefnið, tækifæriskort með fallegum myndum sem koma frá klúbbsystur og uppskriftabók sem klúbburinn gaf út fyrir nokkrum árum með uppáhalds uppskriftum systra. Þar er hægt að finna uppskriftir af mangósultunni og banana-brauðinu sem við seldum.

*F.h. Soroptimistaklúbbs Mosfellssveitar,
Jóhanna Valdís Torfadóttir verkefnastjóri*





Stöndum stoltar, hver með sínu laginu.



Veljum að vaxa af traustum rótum Soroptimista

- Ein fyrir allar, allar fyrir eina -

Dagana 23. og 24. júní 2022 hélt Evrópusamband Soroptimista námsstefnuna Growth Academy í borginni Kortrijk í Belgíu og hafði hvert Landsamband verið hvatt til að senda forseta og tvo til þrjá framsækna fulltrúa til námsstefnunnar. Nokkuð vantaði upp á að það markmið næðist, en systur víða að sátu námsstefnuna þannig að margvísleg viðhorf og ólíkir menningarheimar áttu þarna rödd. Frá Íslandi sátu Sigríður Kristín Gísladóttir, formaður útbreiðslunefndar Slí, og sendifulltrúarnir Ragnheiður Gunnbjörnsdóttir og Rannveig Thoroddsen.

Á námsstefnunni var meðal annars lögð áhersla á leiðtogafærni og leiðir til að fylgja eftir breytingum á venjum og viðhorfum innan samtakanna þannig að starfið sé í takt við síbreytilegt samfélag. Einnig var áhersla á að kryfja hvernig höfða megi til kvenna á öllum aldri þannig að þær geti horft til samtakanna sem eftirsóknarverðan vettvang til að hafa áhrif á líf og líðan kvenna, sjálfbærni, jafnrétti og stuðla að friðsamari samfélögum fyrir alla.

Dæmi um vinnustofur sem við sóttum:

- Að vaxa næstu 100 árin
- Kraftur samskipta í breytingaferli
- Frá hugdettu til framkvæmda
- Hvernig getum við unnið saman yfir landamæri?
- Hvernig getum við látið af gömlum, föstum síðum?
- Að leysa deilur

Hver fulltrúi valdi nokkrar vinnustofur og þátttakendum gafst færi á að æfa sig í örkyngingu á samtökunum og fara í viðtal í myndveri, sem við svo síðar fengum sent til okkar.

Í aðalfyrirlestri Carolien Demey, forseta Evrópusambandsins, lagði hún mikla áhersla á að val á verkefnum ætti ætíð að byggja á fimm grunnstoðum Soroptimistahreyfingarinnar:

- Valdeflingu kvenna
- Að stöðva og fyrirbyggja ofbeldi gegn konum
- Heilsu og fæðuöryggi
- Menntun kvenna
- Sjálfbærni


Einnig ræddi hún talsvert um sjálfbær þróunarmarkmið Soroptimista, Soroptimist Developmental Goals, sem eru eftirfarandi:

1. Verkefni og boðun (Programme and Advocacy - Focus on what Soroptimist is all about).
2. Að gera Soroptimistasamtökin söluvænni (Selling Soroptimist Better, Brand-awareness-Communication).
3. Að auka aðdráttarafl samtakanna (To become a more attractive Organisation; Membership development).
4. Beisla betur eða bæta nýtingu á orku, tíma, fjármagni, færni og upplýsingum (Better allocation of our energy, time, money, talent and data; Intelligent reloading).
5. Þróa DNA-ið okkar í leiðtogafærni (Developing our DNA in Leadership, Mentoring, Scholarship; We stand up by Education).

Carolien var tíðrætt um að lykill að framþróun Soroptimista felist í því að virða mikilvægi samskipta, menntunar og aðgerðaráætlunar í þróun samtakanna og við þá þróun sé mikilvægt að halda í heiðri grunnildi og traustar rætur Soroptimistahreyfingarinnar.

Við sem sátum námstefnuna skiptum liði en létum þó áhugasvið okkar einnig ráða för við val á vinnusmiðjum. Það var gaman og gagnlegt að taka þátt og þarna kynnumst við meðal annars formanni útbreiðslunefndar norsku Soroptimistasamtakanna. Þeirra efni hefur í framhaldinu nýst okkur í íslensku útbreiðslunefndinni við að vinna drög að útbreiðslustefnu Landssambandsins okkar, vinna kynningarefni til að nýta við að búa til „söluræður“ og við undirbúning nýs klúbbs á norðanverðum Vestfjörðum.

Margt stendur upp úr en heimferðarskilaboðin (take homemessage) eru að tengja alltaf verkefni og fjáröflun við grunnáherslur Soroptimistahreyfingarinnar. Það hvernig við aukum aðdráttarafl klúbba og samtakanna í heild er undir hverri og einni okkar komið. Fram komu nokkrar góðar hugmyndir sem fá að fljóta hér með:



Konur og börn eru oft fórnarlömb stríðs sem stofnað er til af körlum.

Mikilvægt er að:

- Systur líti á það sem sitt hlutverk að kynna Soroptimistahreyfinguna sem víðast.
- Systur líti á það sem sitt hlutverk að laða að nýjar konur, með því að fjalla opinskátt um markmið, tilgang, áherslur og verkefni okkar.
- Sérhver klúbbur setji sér markmið hvað varðar fjölda systra á hverjum tíma og æskilega samsetningu hvað varðar fjölbreytni í aldri, uppruna, menningarheimum og svo framvegis.
- Kappkosta að fá fleiri en eina úr hverjum „hópi“ til liðs við klúbba til að forðast að einn fulltrúi ákveðins hóps þurfi allt í einu að endurspeglar ALLAR ungar konur eða ALLAR konur af erlendum uppruna.
- Við eigum að hrósa og hvetja hverja aðra og muna að breytingarnar koma innan frá.

Höfundar: Ragnheiður Gunnbjörnsdóttir og Rannveig Thoroddsen sendifulltrúar, Sigríður Kristín Gísladóttir formaður Útbreiðslunefndar

Veljum að vaxa út á við og inn á við


Útbreiðslunefnd hefur fundað ellefu sinnum á árinu og vinnur meðal annars að gerð útbreiðslustefnu fyrir árin 2023-2024 og stofnun nýs klúbbs á norðanverðum Vestfjörðum. Framan af voru nefndarkonur þrjár, en Sigrún Birgisdóttir Soroptimistaklúbbsi Mosfellssveitar hefur sagt sig frá nefndarstörfum.

Nefndin hefur að auki notið starfskrafta Maríu Bjarkar Ingvadóttur sem hefur unnið ótulllega með okkur að þessum verkefnum. En hún er eins og ykkur er kunnugt, talskona og 2. varaforseti sem tekur við nefndarstörfum í útbreiðslunefnd Soroptimistasambandsins í ársbyrjun 2023. Samstarfið hefur gengið eins og í sögu og hafa fundir verið alfarið á netinu, enda nefndarkonur til heimilis á Hornafirði, í Garðabæ, á Sauðárkróki og á Spáni. Ólík hegðun og háttalag nefndarkvenna, sem lýsir sér í hvatvísi, stefnufestu, áræðni og áreiðanleika, spilar saman á áhugaverðan hátt og gerir fundina skilvirka, skemmtilega og tendrandi.

Eitt af verkum nefndarinnar er að þýða og staðfæra kynningarefni sem við fengum frá systurnefnd okkar hjá norska Landssambandinu, en upplýsingar um tilvist þess fengum við á veffundum útbreiðslunefndar Evrópusambands Soroptimista og á Growth Academy námstefnunni, sem Sigríður tók þátt í, en Evrópusambandið stóð fyrir þeim samráðs- og menntavettvangi í Belgíu í nýliðum júní.

Kynningarefnið verður aðgengilegt ykkur öllum og er ætlað að renna enn styrkari stoðum undir sameiginlegan skilning okkar á eðli og tilgangi hreyfingarinnar og nýttast við að fræða nýjar og væntanlegar systur. Því er einnig ætlað að auðvelda okkur að kynna samtökin út á við og stuðla þannig að vitund, vexti og virðingu fyrir því óeigingjarna starfi sem við vinnum í þágu kvenna, jafnréttis, sjálfbærni og friðar.

Nefndin mun standa fyrir vinnustofu á haustfundinum á Laugarbakka nú í haust, þar sem drög að útbreiðslustefnu (sjá mynd) verða í brennidepli ásamt þeirri auknu áherslu á útbreiðslu sem einkennir nýju lögin. Formenn klúbba og núverandi starfsgreinanefndarkonur (verðandi útbreiðslunefnd) verða hvattar til þátttöku ásamt öðrum áhugakönnum. Við gerð stefnunnar var aflað upplýsinga af ýmsum toga, svo sem um fjölda og aldurssamsetningu í hinum ýmsu klúbbum. Við sendum einnig hvatningarpóst til yngstu systra okkar þar sem við báðum þær um að taka upp stutt kynningarmyndband, þar sem þær segja af hverju þær eru Soroptimistar og er ætlun okkar að nýta þau í útbreiðsluskyni.



Drög að útbreiðslustefnu

Nefndarkonur hafa einnig unnið í haginn fyrir stofnun nýs klúbbs en um slíkt gilda skýr lög og reglur sem ber að hafa að leiðarljósi. Það er því í mörg horn að líta og ýmis ný viðfangsefni og áskoranir sem mæta nefndarkönnum. Ekki er ráð nema í tíma sé tekið, því boðun stofnfundar og afhending stofnskrár þarf að eiga sér stað með fjögurra mánaða fyrirvara. Hver veit nema okkur fjölgi um einn klúbbs að ári!

Útbreiðslunefnd Soroptimistasambands Íslands

Höfundar: Ásgerður Kjartansdóttir, Sigríður Kristín Gísladóttir og María Björk Ingvadóttir



Bakka- og Seljasystur þakka fyrir ánægjulegar samverustundir í Heiðmerkurlundi

Nú er komið að því að Soroptimistaklúbbur Bakka og Selja skili af sér Heiðmerkurlundinum eftir margra ára umsjón og jafnframt mjög margar ánægjustundir á þeim stað. Það segir ekki að við séum hættar að koma í lundinn, langt frá því, en það er alveg kominn tími til að aðrar systur taki við. Við höfum séð um lundinn frá árinu 2011 ef frá eru dregin fjögur ár sem Grafarvogsklúbbur tók hann að sér. Það segir að við höfum séð um hann í átta ár.

Við í Bakka- og Seljaklúbbsi höfum farið reglulega til að hreinsa, klippa, gróðursetja, fá okkur kaffi og stöku sinnum höfum við stefnt öllum systur úr klúbbnum ásamt mökum til að skála fyrir viðburðum og á hátíðarstundum.

Lundurinn er mjög fallegur og vel gróinn þótt enn sé spurning um nokkur tré sem fóru illa þegar eldur kom upp í Heiðmörk í maí 2021. Talið er að þau tré gætu hugsanlega náð sér og sennilega er ekki rétt að fjarlægja þau nema þá í samráði við Skógræktina.

Síðustu tvær vikur höfum við klippt dauðar greinar og slegið talsvert af lúpínu. Þá höfum við gert við borðið, skipt út nokkrum fjöllum og málað borðið aftur. Borðið varð fyrir verulegu hnjaski fyrir ári síðan. Einhverjir óprúttir hafa þá verið á svæðinu og þvælst með borðið upp brekkuna og skilið það eftir þannig að það hreinlega brotnaði.

Nú eftir viðgerð síðustu daga vonum við að borðið dugi okkur enn um sinn ef fólk sem heimsækir lundinn leyfir því að vera í friði og nota það einungis eins og til er ætlast með borð og bekki úti í náttúrunni.

Nú taka systur í Árbæjarklúbbsi við umsjóninni og sendum við þeim bestu kveðjur og vonum að þær eigi eftir að njóta samveru í lundinum bæði í leik og starfi eins við höfum gert.

Gleymum því samt ekki að Heiðmerkurlundurinn er eign Soroptimistasystra allra og þótt einn klúbbur taki að sér umsjón hverju sinni þá hvetjum við allar systur til að njóta þar fegurðar og útiveru.

*Fyrir hönd systra í Bakka- og Seljaklúbbsi,
Guðrún Erla Björgvinsdóttir og Vigdís Pálsdóttir*





Fjáröflun Soroptimistaklúbbs Keflavíkur vegna bekkja

Soroptimistaklúbbur Keflavíkur, í samstarfi við fyrirtæki á svæðinu og sveitarfélagið, hefur keypt og sett upp bekki við göngustíga bæjarins. Fjáröflunarnefndin sá um verkefnið sem gekk mjög vel og hafa íbúar verið ánægðir með afraksturinn.

Upphafið að því að fjáröflunarnefnd Soroptimistaklúbbs Keflavíkur fór í það að finna fyrirtæki í Reykjanesbæ til að koma í samstarf við klúbbinn um kaup á bekkjunum var það að nokkrar systur klúbbsins fóru í skipulagða göngu hjá Bókasafni Reykjanesbæjar þar sem gengið var um „Gamla bæinn“. Þar er bekkur sem fjölskylda fyrri ábúenda í einu húsanna gaf til minningar um þá. Í framhaldinu kom til tals að eldri borgarar, 80-100 ára, sem eru í gönguhópi hefðu verið að tala um að það vantaði bekki á gönguleiðum þeirra til að hvíla lúin bein og njóta. Ákveðið var að þetta væri eitthvað sem fjáröflunarnefndin gæti skoðað.

Farið var í að hringja í nokkur fyrirtæki í Reykjanesbæ til að athuga hvort vilji væri fyrir því að koma í samstarf við klúbbinn og fengum við fjögur fyrirtæki; Byko, VFSK, Lagnþjónusta Suðurnesja og Ellert Skúlason ehf, til að styrkja okkur um kaup á bekkjunum. Einnig var farið í samstarf við Þjónustumiðstöð

Reykjanesbæjar um aðstoð við að staðsetja bekkina á þeim stöðum sem fundnir voru í samvinnu við Garðar Sigurðsson, talsmann eldri borgara. Til að gera þetta enn skemmtilegra setti ein systir skilaboð á síðu Boðnarmjóður á Facebook um að okkur vantaði vísu sem sett yrði á skjöld á bekkina, viðbrögðin létu ekki á sér standa og hljómar vísan svona:

***Ef á göngu þreyttur þú,
þarfnast hvíldarstunda.
Blessaður, á bekknum nú,
bíður vínafunda. (KHT)
Í boði Soroptimistaklúbbs Keflavíkur
og „nafn fyrirtækis“***

Í dag eru bekkirnir allir komnir á sinn stað og íbúar Reykjanesbæjar farnir að njóta þeirra.

Soroptimistaklúbbur Keflavíkur þakkar öllum þeim sem komu að þessu framtaki.

*Selma Björk Hauksdóttir
Soroptimistaklúbbi Keflavíkur*



SOROPTIMIST INTERNATIONAL CONVENTION


Challenge the Future

Dublin, Ireland • 27-29 July 2023

Skráning er hafin á Alþjóðþing Soroptimista sem haldið verður í Dublin 27. – 29. júlí 2023.

Heimasíða þingsins er <https://sidublin2023.com>. Þar er að finna allar upplýsingar varðandi þingið og annað sem tengist þinghaldinu, s.s. dagskrá, skráningu og gististaði.

Hafdís Karlsdóttir hvetur okkur eindregið til þátttöku og vonast hún til að sem flestir íslenskir Soroptimistar fylgi henni til Dublin.



Heimsókn Soroptimistaklúbbs Kópavogs 22.-23. mars 2014 til systra í Soroptimistaklúbbi Snæfellsness til að eiga með þeim fund og samveru

Dagur 1. Laugardagur 22. mars 2014

Þennan dag hittust systur, 21 talsins, við Gerðarsafn í Kópavogi og komu sér fyrir í langferðabíl. Ferðinni var heitið á Snæfellsnes á fund systra í Soroptimistaklúbbi Snæfellsness. Létt var yfir systur á þessum sólardegi, tilhlökkun og ferðagleði allsráðandi. Ekið var í Borgarnes þar sem að var stutta stund.

Síðan ekið um Mýrarnar, vestur á Snæfellsnes og ekið inn í Snæfellsbæ. Stoppað var á bænum Ölkeldu þar sem Signý Þórðardóttir er uppalin. Systur smökkuðu á ölkelduvatni sem kemur ískalt beint úr jörðu. Á Ölkeldu er félagsbú og mjólkurframleiðsla og þar býr systir okkar, Astrid Gundersen, sem bauð hópnum inn í súpu. Ásamt Astrid voru mættar nokkrar systur úr Snæfellsklúbbi, þær Hildur Sveinbjörnsdóttir í Hraunhöfn, Drífa Skúladóttir á Hellissandi og Klara Bragadóttir á Staðastað, einnig sást Anna Þóra Böðvarsdóttir þarna líka í mýflugumynd. Kristján, maður Astridar, sem er bróðir Signýjar, bauð þeim sem vildu upp á skoðunarferð í fjósið en það er tæknifjós með um það bil 80 mjólkurkúm.

Þegar við héldum frá Ölkeldu höfðu þrjár systur bæst í hópinn. Klöru, prestfrú á kirkjustaðnum Staðastað, var skutlað heim til sín og Astrid og Drífa urðu samferða systur okkar í rútunni. Ekið var vestur Staðarsveit með leiðsögn og minningarkörnum frá Signýju um heimasveit hennar sem hún flutti bæði í bundnu og óbundnu máli. Áfram í vestur ókum við í gegnum Breiðvíkurhrepp og nálgumst rætur



Snæfellsjökuls. Þar tók Drífa við leiðsögn, sagði nýjar og gamlar sögur úr byggðinni svo sem úr fornsögum um Bárð Snæfellsás og Rauðfeld. Við áðum á Arnarstapa og nutum umhverfisins þar á útsýnispalli þar sem jökullinn, fjöllin, hafið, byggðin og höfnin sjást frá góðu sjónarhorni.

Við ókum áfram og inn í þjóðgarðinn Snæfellsnesjökul, stoppuðum í Djúpalóni og horfðum á hraunið, jökullinn og hafið. Áfram ókum við fyrir Nes og allt í einu beygði rútan niður að sjó að lítilli vík sem heitir Skarðsvík. Skarðsvík er paradís heimafólks, gul strandfjara umkringd klettum í hrauninu. Þar beið okkar systir úr Snæfellsklúbbi, Anna Þóra með kók og prins póló. Svo komum við að Hellissandi þar sem Erla Alexandersdóttir bauð okkur inn í sitt sumarhús, Ytra vinaminni. Erla bauð kaffi og konfekt, sagði frá sögu hússins og hvernig hún og maður hennar endurbyggðu það. Því næst fórum við í næsturstað á Hótel Hellissandi þar sem fundurinn var einnig haldinn.

Fundur hófst stundvíslega kl. 20 í matsal hótelsins. Drífa Skúladóttir setti fund og Anna Þóra Böðvarsdóttir las markmið og hvatningu. Allar fundarsystur stóðu upp og kynntu sig og sögðu lítilla frá sér og störfum sínum innan klubbanna og hreyfingarinnar almennt.

Síðan var snætt og skemmtiatriði beggja klúbba flutt. Systur spjölluðu og sungu saman fram eftir kvöldi og gengu sáttar til náða.



Dagur 2. Sunnudagur 23. mars 2014

Daginn eftir, sunnudaginn 23. mars, var lagt af stað frá Hótel Hellissandi kl. 10:30. Undir leiðsögn Erlu Alexandersdóttur var farið í skoðunar- og kynnisferð um Hellissand. Kíkt var í Krossavík og í Tröð, sem er fallegur skruðgarður í hjarta þorpsins. Í skruðgarðinum er Snæfellsnesklúbburinn með skika til að hugsa um, þeirra Systrabotnar. Þar er bekkur sem Snæfellsnesklúbburinn gaf garðinum en við fengum þá vitneskju á ferðalaginu að Snæfellsnesklúbburinn gefur slíka áningabekki sem staðsettir eru víða á Snæfellsnesi og við þá er skilti með fróðleik um konur á Snæfellsnesi og verk þeirra.

Ekið var út á Rif þar sem Drífa beið okkar og kynnti okkur Frystiklefann sem er leik- og menningarhús sem Kári Viðarsson, sonur hennar, á og rekur. Í Ólafsvík fórum við í heimsókn til Ragnheiðar Víglundsdóttur systur. Í húsi hennar var Jóhanna Norðfjörð barnfóstra fyrir löngu og gætti eldri systkina Ragnheiðar eitt sumar. Það voru fagnaðarfundir hjá Jóhönnu og húsinu sem ekki höfðu sést í 65 ár, en Ragnheiður var ekki fædd þegar Jóhanna var þar í vistinni.

Frá Ólafsvík lá leiðin framan undir Búlandshöfða og áfram norður fyrir Nes. Þá tók Sólrún okkar Halldórsdóttir við leiðsögn en hún er uppalin í Grundarfirði. Sólrún sagði frá átthögum sínum, deildi minningum frá barnæsku og lofaði Kirkjufellið fagra sem var hjúpað í snjóéli og sást ekki skýrt. Í Grundarfirði varð enn ein óvænt uppákoma þegar okkur var boðið í súpu í félagsheimili hestamanna í Grundarfirði. Þar tóku á móti okkur Jóhanna systir Sólrúnar og Gunnar Kristjánsson maður hennar sem elduðu gómsæta súpu sem var í boði móður Sólrúnar, Pálinu Gísladóttur, sem einnig heiðraði okkur með nærveru sinni.



Við ókum um kaupstaðinn Grundarfjörð undir leiðsögn Gunnars. Áður en við kvöddum Grundarfjörð birtist okkur Kirkjufellið í snjóuggu. Það var sjarmi yfir því. Við ókum frá Grundarfirði og stöldruðum um stund við brúna yfir Kolgrafarfjörð í von um að sjá síld, seli og háhyrninga sem ekki létu sjá sig. Ókum yfir Vatnaleið og síðan beina leið heim í Kópavog, með stuttu stoppi í Borgarnesi. Heim komu ánægðar, sáttar og sælar systur í Soroptimistaklúbbi Kópavogs, staðráðnar í að fara aftur í svipaða ferð síðar.

Signý Þórðardóttir og Erla Alexanderdóttir
Soroptimistaklúbbi Kópavogs



Gróttudagurinn á Seltjarnarnesi

Bæjarhátíð okkar Seltirninga og Fjölskyldudagur í Gróttu var loks endurvakinn helgina 26.-28. ágúst eftir tveggja ára covid-hlé. Dagskrá laugardagsins 27. ágúst var meðal annars fjölskyldudagur úti í Gróttu á milli klukkan 11:00 og 14:00. Við Soroptimistasystur á Seltjarnarnesi höfum tekið að okkur að sjá um veitingasölu í Fræðasetrinu og í Albertsbúð úti í Gróttu á þessum degi undanfarin ár sem fjáröflun. Á meðal þess sem er í boði á fjölskyldudeginum í Gróttu er ýmis skemmtun, myndlistarsýning, harmonikkuleikur, andlitsmálun og ekki síst möguleiki á heimsókn í Gróttuvita.

Gróttuviti er opinn þennan eina dag á ári og býður Seltjarnarnesbær gestum að ganga upp í vitann og njóta hins óviðjafnanlega útsýnis þegar efst er komið. Soroptimistasystur og makar hafa staðið vaktina í vitanum á opnunartíma þennan dag og haft mjög gaman af. Vitinn er mjög vinsæll viðkomustaður en gamall tréstigi liggur upp allan vitann og endar í mjög þröngum og bröttum stiga upp á útsýnispallinn en þar þarf að vera á vaktinni við að aðstoða fólk, auk þess að stýra umferð upp og niður stigana.





Rjúkandi vöflur, grillaðar pylsur, kaffi og djús hafa svo verið til sölu í Fræðasetrinu og Albertsbúð á vegum Soroptimistaklúbbs Seltjarnarness til styrktar góðu málefni. Klifurmeistarar úr klifurhúsinu, ásamt Spiderman, brugðu svo á leik og klifu Gróttuvita kl. 11:30, 12:30 og 13:30 þennan laugardaginn. Fjölskyldudagurinn í Gróttu er gott dæmi um frábært samstarf Soroptimistasystra og Seltjarnarabæjar um að gera þennan dag ógleymanlegan og í leiðinni góð fjáröflun fyrir Soroptimistaklúbbinn til styrktar góðu málefni en þetta árið höfum við ákveðið að styðja við bakið á Líf styrktarfélagi með afrakstri golfmóts, Gróttudagsins og skemmtikvöldsins í október.

Sigrún Edda Jónsdóttir
Soroptimistaklúbbi Seltjarnarness



Létt frásögn af sendifulltrúafundi í Kortrijk, Belgíu 2022

Sendifulltrúafundur árið 2022 var haldinn í Kortrijk í Belgíu 25. - 26. júní 2022. Kortrijk er í flæmska hluta Belgíu, um 90 km frá Brussel.



Broel turnarnir við ána Leie eru þekkt kennileiti í Kortrijk.

Flogið var til Brussel en þaðan er um klukkutíma lestarferð til Kortrijk. Gist var á Parkhótelu. Fyrirfundinn sátu íslensku sendifulltrúarnir námsstefnuna „Veljum að vaxa“ ásamt Sigríði Kristínu Gísladóttur, formanni útbreiðslunefndar. Dagskrá sendifulltrúafundarins hófst föstudagskvöldið 24. júní með móttöku þar sem boðið var upp á fordrykk og smárétti í ráðhúsinu í Kortrijk en elsti hluti þess sem enn stendur er frá fyrri hluta 15. aldar. Borgarstjórinn Ruth Vanderberghe tók á móti okkur en hún er jafnframt fyrsta konan til að gegna þessu embætti í Kortrijk. Kvöldmat var á Kaffee Damast næst við textílsafnið en Kortrijk er m.a. þekkt fyrir textíliðnað.

Fundurinn var haldinn í höfuðstöðvum Barco sem er alþjóðlegt tæknifyrirtæki. Hann var nokkuð hefðbundinn, fundarsetning, ávarp forseta og svo var afar skemmtileg kertaathöfn þar sem konur komu gangandi inn í salinn og héldu hver á sínu kerti.



Íslenskir sendifulltrúar mættir í Barco-höllina.

Ýmsir gestafyrirlesarar fluttu erindi á fundinum, sögðu frá starfi sínu og hvöttu systur áfram. M.a. talaði dómsmálaráðherra um hvað búið væri að bæta varðandi þá sem yrðu fyrir kynferðisofbeldi og ýmsa ferla kringum það. Við sáum myndband frá konum á stríðssvæðum og mikilvægi hjálpar á heimasvæðum og einnig var fjallað um 16 daga átakið. Mikil áhersla var á að Soroptimistar stæðu með réttindum kvenna og stúlkna en tækju ekki pólitíska afstöðu. Umræðan þarf að vera varfærin því að það eru líka t.d. Soroptimistar í Rússlandi og það þarf að ráðfæra sig við félög á svæðunum áður en Soroptimistar gefa út yfirlýsingar.

Áhrif stríðsins í Úkraínu setti svip sinn á fundinn. Systir frá Póllandi sagði frá og sýndi myndir af vinnu pólsku systranna við að hjálpa flóttafólki frá Úkraínu. Hún sagði að allir væru orðnir mjög þreyttir en það verður að halda áfram. Systir okkar frá Úkraínu sem er flóttamaður í Sviss kom einnig og sagði frá ástandinu í heimalandinu. Afar áhrifaríkt var að heyra sögurnar frá fyrstu hendi og vöktu þær okkur til umhugsunar.

Áhrifarík frásögn systur okkar frá
Ukráinu snerti ökkur allar.



Hefðbundin fundarstörf gengu almennt fljótt og vel. Nokkur umræða skapaðist um málefni stakra klúbba (Single clubs) utan landssambanda og réttindi þeirra en lög um þá voru samþykkt á fundinum.

Afgreiðsla úthlutunar hagnaðar til ýmissa verkefna (surplus allocation) var geymd þar til á aukafundi sem haldinn verður í lok október næstkomandi.

Forseti SIE leggur áherslu á aðgengi að menntun, öruggu, vingjarnlegu og hvetjandi umhverfi og aðgengi að upplýsingum. Sagt var frá skólalærkjunum og gleðilegt var að 2 konur frá Íslandi fengu styrk. Einnig var sagt frá öðrum styrkjum og fékk SNLA verkefnið styrk en leiðtoganámskeiðið á vegum verkefnisins var haldið á Bifröst nú í sumar. Talað var um samskipti og rauðu flöggin – read the signs – hvatning til allra að vera vakandi og virkar. Konur voru hvattar til að vera á Instagram og öðrum miðlum. Rætt var um tungumálin okkar sem geta verið hindrun, en við þurfum að finna leiðir til að fá fleiri systur til að ganga til liðs við Soroptimista til að vinna að þeim mikilvægu málefnum sem systur standa fyrir.

Skemmtilegar kynningar voru á þeim verkefnum sem fengu verðlaun. Systur í Austurríki sendu frá sér stutt myndbönd sem náðu til margra: Female Power talks. Konur í Kuwait settu athygli á hvernig menn styðja konur: I stand with her. Á Ítalíu var klúbburinn í Bergamo að vinna við að minnka sóun á flugvöllum. Fleiri áhugaverð verkefni mætti nefna.

Á laugardagskvöldi var Gala dinner, með veislumat í hverju horni og tónlist. Það var dansað og afar skemmtilegt var að kynnast nýjum systur hvaðanæva frá Evrópu og víðar sem allar voru meira og minna klæddar í litum Soroptimista, bláum og gulum.

Á sunnudeginum voru kosningar til embætta og endaði fundurinn á að við sungum allar saman Soroptimistasöng og fórum svo út í góða veðrið og í flug heim næsta dag. Næsti fundur verður 21. - 22. okt. 2023. Mikið af upplýsingum má finna á <https://www.soroptimisteurope.org/>

Ragnheiður Gunnbjörnsdóttir og Rannveig Thoroddsen sendifulltrúar



Tilbúnar í dansinn í Soroptimistalitinum.



Komnar út í sólina í Kortrijk.



Landssambandsfundur 2022

Landssambandsfundurinn 2022 var haldinn í Snæfellsbæ laugardaginn 23. apríl síðastliðinn. Móttaka var í Björgunarstöðinni Von á föstudagskvöldinu þar sem boðið var upp á léttar veitingar og söng Karlakórsins Heiðbjartar. Fjölmennt var í samkvæminu og frábært að upplifa gleðina sem ríkti á meðal systra.

Systur í Soroptimistaklúbbi Snæfellsness voru í hlutverki gestgjafa. Upphaflega stóð til að halda

fundinn í Snæfellsbæ í apríl 2020, en heimsfaraldurinn setti þá strik í reikninginn vegna fjöldatakmakana og sú saga endurtók sig í apríl 2021. Það viðurkennist að við þurftum svoltið að trekkja okkur af stað til að undirbúa fundinn í þriðja sinn, en að þessu sinni kláruðum við ferlið og erum bara nokkuð sáttar með hvernig til tókst. Ekki spillti fyrir að veðurguðirnir lögðu blessun sína yfir okkur með glampandi sól og blíðviðri.





Dagskrá laugardagsins var hefðbundin samkvæmt lögum sambandsins um Landssambandsfund. Á laugardagskvöldinu var svo hátíðarkvöldverður og eftir hann tók við létt dagskrá. Dregnir voru út happdrættisvinningar sem gefnir voru af fyrirtækjum í eða með tengsl í Snæfellsbæ. Miðar voru seldir meðan á fundinum stóð. Ágóðinn af miðasöluinni, kr. 500.000, var gefinn til Búsetukjarnans við Ólafsbraut og eyrnamerkur fyrir kaup á bifreið fyrir íbúana.

Á sunnudagsmorgninum var boðið upp á léttu göngu upp að Bjarnarfossi og um Búðasvæðið undir leiðsögn Ragnhildar Sigurðardóttur, systur okkar. Þátttakan í göngunni var alveg frábær og systur kvóddust, sáttar og sælar að lokinni samveru í Snæfellsbænum.

Takk fyrir komuna kæru systur,

*F.h. Soroptimistaklúbbs Snæfellsness,
V. Lilja Stefánsdóttir ritari*





Flóttakonur frá Úkraínu

Tvær úkraínskar konur, Iryna og Alona, komu á aprílfund okkar Austurlandssystra en þær voru þá báðar búsettar á Héraði. Við buðum þeim til okkar til að segja frá ástandinu í heimalandi þeirra og einnig til að fá að vita hvort og þá hvað við gætum gert til að aðstoða. Svarið við því var einfaldlega félagsskapur og samvera. Konur og börn úr þeirra fjölskyldum voru þá þegar komin hingað, bjuggu inni á heimilum þeirra eða tengdafólks þeirra og verið var að reyna að gera þeim lífið sem bærilegast. Sögur þeirra voru allar mjög átakanlegar og engin okkar systra fór ósnortin heim.

Í framhaldi af þessum fundi var svo farið í að setja upp skipulag, þannig að við hittum þær einu sinni í viku við ýmis tilefni.



Fyrst buðum við þeim að koma á Bókasafnið og hitta okkur. Til að ná tengslum þvert á tungumál, höfðum við með okkur garn, prjóna, uppskriftir og fleira slíkt. Einnig höfðum við aðgang að bókum og blöðum safnsins. Kaffi og íslenskt meðlæti var í boði og þrátt fyrir tungumálaerfiðleika náðum við að eiga góð samskipti, hlæja og spjalla. Þarna mættu a.m.k. 6 konur og annað eins af börnum.

Við hittumst aftur á Bókasafninu skömmu eftir páska og í framhaldi af því var ákveðið að hittast næst á kaffihúsinu Bókakaffi og vera þá með spil og fleira fyrir börnin, auk handavinnunnar. Þá byrjuðum við líka að kenna þeim svolítið í íslensku og þær kenndu okkur svolítið á móti. Google translate og fleiri aðferðir voru óspart notaðar.



Bókakaffi var svo samkomustaður okkar fram á vorið, en einnig hittumst við annars staðar og við önnur tækifæri.

Rúna Dóra bauð hópnum í sumarbústaðinn sinn um miðjan maí og þar var auðvitað grillað og börnin fengu að hlaupa í skóginum og allir skemmtu sér vel.

Tveimur dögum seinna héldu úkraínsku konurnar danssýningu í Valaskjálfi, en sú sýning var líka sett upp á Reyðarfirði og Seyðisfirði. Sýningin var einnig sett á svið í Hofi á Akureyri og verið er að undirbúa



sýningu í Reykjavík með haustinu. Sýningin heitir „Við erum frá Úkraínu“ og var/er til styrktar flóttabörnum frá Úkraínu.

Eitt af verkefnum okkar undanfarin misseri hefur verið kallað „Vinkonur um veröld alla“ en þar höfum við boðið konum af erlendum uppruna að hittast, flytja tónlist, þiggja veitingar og eiga góða samverustund. Í þetta skipti buðum við auðvitað úkraínsku vinkonum okkar með á Seyðisfjörð.

Þær komu einnig og hjálpuðu okkur á Hreinsunardeginum í Kirkjumiðstöðinni - sérstaklega voru þær stórtækar í útvinnunni, að hreinsa illgresi og snyrta beð og plöntur. Þeim fannst þetta mjög skemmtilegt og voru greinilega vanar svona vinnu frá sínu heimalandi. Börnin nutu sín líka vel í frjálrsæðinu þarna í sveitinni. Í lok dags borðuðum við svo saman og allir voru glaðir með gott dagsverk.



Umfjöllun um þessi tvö verkefni er að finna á heimasíðu okkar Austurlandssystra.

<https://www.systur.is/austurland>

Konurnar voru smátt og smátt að komast í vinnu og fá húsnæði og við vorum þeim innan handar með ýmis húsgögn og heimilistæki. Við fengum líka góða aðstoð frá ýmsum bæjarbúum með ýmislegt, reiðhjól og hjálma handa börnunum og fleira slíkt.

Menntaskólinn á Egilsstöðum gaf okkur gamlar tölvur sem við settum upp handa þeim og afhentum nokkrum þeirra til afnota. Fleiri slíkar tölvur eru til og bíða nýrra notenda.

Við bentum þeim á skemmtilega viðburði, s.s. skógardaginn mikla, íþróttaviðburði og fleira. Þeim var einnig boðið á skemmtun á Borgarfirði eystra og voru mjög glaðar að komast út að skemmta sér með fullorðnu fólki. Einnig héldum við áfram að hitta þær óformlega í sundi, á kaffihúsum og víðar.

Nokkrar þeirra eru nú fluttar suður til Reykjavíkur og Keflavíkur, þannig að það hefur fækkað í hópnum. Viðbúið er samt að það fjölgi aftur því sveitarfélagið okkar er að koma upp aðstöðu á Eiðum til að taka á móti fólki frá Úkraínu. Þá munum við væntanlega reyna að halda þessu verkefni áfram.

*F.h. Soroptimistaklúbbs Austurlands,
Yvette Lau og Þórunn Hálfðanardóttir*

